

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 6/2002 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda 2001.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna álagningar opinberra gjalda á lögaðila er lauk 31. október 2001.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur þessar 2. apríl 2002.

Reykjavík, 23. janúar 2002.

F.h. ríkisskattstjóra,

Ingvar J. Rögnvaldsson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um náttúruminjaskrá, nr. 631/1995.

Svæði 646 í auglýsingunni orðast svo:

Fell, Fellahreppi, N-Múlasýslu. (1) Til austurs markast svæðið af Lagarfljóti frá nesi á móts við bæinn Kross að tanga sunnan Skipalækjar, þaðan í suðurenda Urriðavatns og með þjóðvegi norður að Rangá. Að norðan og vestan ráða Rangá og Svínalækur að 170 m hæðapunkti vestan Nónáss, þaðan um suðurenda Krókvatns yfir þjóðveg á milli bæjanna Setbergs og Birnufells að Lagarfljóti og þaðan eftir Lagarfljótsbakka að upphafspunkti. (2) Afar sérkennilegt landslag, sem einkennist af fellum og klettaásum með mýrarsundum og vötnum á milli. Mikill og fjölbreyttur gróður og fjölbreytt fuglalíf. Merkar söguminjar. Útivistarsvæði í nánd við þéttbýli.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 23. janúar 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.